

ferðalög

Táp og fjör í Timbúktú

Við lok fyrsta hluta ferðasögu **Elizu Reid** um Vestur-Afríku, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir viku, var hún fárveik í litlu þorpi í Malí; með sótthita og önnur einkenni malaríu, þess illvíga sjúkdóms. Hún hélt þó ferðalaginu ótrauð áfram eftir að dr. Traoré hafði vitjaði hennar á sjúkrabæðinn og nú lá leiðin meðal annars til Timbúktú, sem hefur yfir sér blæ ævintýra og dulúðar í hugum flestra.



Ljósmyndir/Eliza Reid

Að störfum Öll fjölskyldan hefur verk að vinna. Stúlka í Bandiagara, hliðinu að Dogon-héraði, malar hveiti í stóru mortéli. Mamma hennar situr einnig við matargerð.

straumsvik.is

Kynntu þér röksemdir fyrir stærra og betra álveri og sjáðu myndband um stækkun álversins í Straumsvík.



Á lyfseðilseyðublöðum Dr. Zoumana Traoré sagði að hann hefði lært til læknis í Þýskalandi. Hann var því mæltur á þýsku, við ræddum saman á frönsku, svo kunnir höfðu heimamálid bambara og auk þess gat hann örugglega bjargað sér á fleiri mállýskum á þessum slóðum.

Dr. Traoré var fingerður maður og grannholda. Hann klæddist dökkfjólubláum kaftan og var kominn á vettvang aðeins 15 mínútum eftir að starfsfólk gistihússins sem ég dvaldist á hafði leitað eftir aðstoð hans.

Ég lýsti því hvernig mér leið; eymslum um allan líkamann, slæmum höfuðverk og háum hita. Allt benti til malaríu ef marká mátti ferðahandbækurnar. Úr því væri hægt að fá skorið með blóðprufu á næstu heilsugæslustöð. Niðurstaða lægi fyrir innan næstu klukkustundar. En heilsugæslan var aðeins opin á virkum dögum og nú var komið laugardagskvöld.

Dr. Traoré tjáði mér að væri ég með malaríu mættum við engan tíma missa og því væri ekki óhætt að bíða mánudagsins. Þess í stað skyldi ég strax taka lyf gegn sjúkdóminum. Væri ég sýkt myndu þau leysa þann vanda en væri ég bara með hita og



Undir berum himni Fyrstu nóttina í Dogon-héradí var ég í bústað höfðingja ættbálksins í Nombori. Myndin er tekin af þakinu þar sem ég svaf og horfði á stjörnurnar og skarpar útlínur fjallgarðsins við sjóndeildarhringinn. Niðri til hægri sést dýna og moskítónet, sem er dæmigert fyrir það hvernig búid er um ferðalanga.

flensu myndu þau ekki gera mér neitt.

Neyðarvitjun Dr. Traorés kostaði mig 10.000 CFA (um 1.300 krónur). Lyfin kostuðu 8.000 CFA (um þúsund krónur). Ég gat því hæglega fengið úr því skorið hvort ég hefði sýkst af malaríu og síðan keypt mér þau lyf sem þurfti. En allur almenningur bjó ekki við þau lífþægindi. Um þrjú fjórðu allra íbúa Malí hafa minna en einn dollara í tekjur á dag og ár hvert deyr ein milljón manna úr malaríu um heim allan, einkum börn; allt að 90% þeirra búa í Afríku sunnan Sahara.

Lyfin gerðu fljótlega sitt gagn en ég mun aldrei vita fyrir víst hvort ég hefði í raun fengið snert af malaríu og unnið bug á sjúkdóminum. Hvað sem því leið var ég brátt til í tuskið á nýjan leik.

Klífa skriður og skrifa kletta í Dogon-héraði

Dogon-hérað er á heimsminjalista Sameinuðu þjóðanna og er vinsælasti ferðamannastaðurinn í Malí. Dogonfólki býr í fámennum þorpum sem eru flest undir um 250 kílómetra löngu klettastáli, nálægt landamærum Malí og Búrkína Faso. Dogonar eiga eigin tungu og trúá enn flestir á



Timbúktú Þrír hirðingjar af flokki Túarega sitja í sínu fínasta þússi á Eid al-Fitr-hátíðinni. Á boðstólum eru armbönd úr silfri og brassi, bogirnir rýtingar og hálsmen. Maðurinn til vinstri er með hefðbundið leðurveski um hálsinn og það er vitaskuld einnig til sölu.

stokka og steina þótt moskur megi finna í sumum þorpum. Þeir hafa búið á landi sínu síðan á fjórtánda öld, verið afskekkt alla tíð og menning þeirra og hefðir því lítið breyst í aldanna rás.

Ferðamenn halda til Dogon-héraðs til þess að kynna sér hina frumstæðu líffshætti og ekki er síður heillandi að njóta hinnar stórbrotnu náttúru þarna. Yfirleitt eru um 4–5 kílómetrar milli þorpa Dogona undir klettahlóðinni löngu og svo eru stöku verslunarstaðir á fjallslettunni sjálfri.

Þegar ég hafði náð mér til fulls af veikindunum hóf ég fjögurra daga ferð í Dogon-héraði, frá þorpinu Nombori til Ireli í fylgd með Barou, brosmildum leiðsögumanni um þrjúgát. Á nóttu til svaf ég á þaki moldarkofa og starði upp til stjarnanna. Vart þarf að taka fram að ekkert rafmagn var að finna í þorpinum og rennandi vatn ekki heldur. Ekkert truflaði því kyrrðina og útsýnið að stjörnum þrýddum himingimnum var í einu orði sagt ógleymanlegt; himintunglin skinu svo skært að ég greindi vart á milli þeirra í stjörnuþokunni.

Þar fyrir utan voru gangan að deginum og hvíldin að kvöldi stórfín tilbreyting frá þeim ys og þys sem fylgdi því að ferðast borga á milli í yfirfullum farkostum. Á morgnana vaknaði ég við fyrstu geisla sólarinnar og heyrði hvert dýrahljóðið af öðru; fyrst stöðugan sláttinn í krybbunum og öðrum skordýrum og síðan létu stærri skepnur til sín taka. Hanninn gól, rollurnar jörmuðu og stöku sinnum rumdi asni svo undir tók. Loks bárust hlátrasköll krakkanna frá götunni og barnsgrátur ef svo bar undir. Væri moska í þorpinu myndu boð imamsins, sem kallaði múslima til bænastundar, óma rétt fyrir dagrenningu. Síðasta tóninn í þessari hljómkviðu slógu síðan konurnar sem muldu korn sitt taktfast í miklum mortélum. Talsverðs var til að vinna að ljúka því striti áður en steikjandi hitinn gerði þeim erfitt fyrir. Og svona vaknaði ég dag hvern klukkan hálfsex að morgni.

» Ég reyndi að muna eftir öllum mögulegum og ómögulegum hlutum sem gætu leitt til hækkaðs verðs eftir á: Myndu hnappar fylgja umsaminni greiðslu? Yrði hún örugglega tilbúin að morgni – eða eftir tvo daga?

Þegar við Barou vorum búin að fá okkur morgunmat – Neskafl með sykri og eina bagettu – lögðum við af stað til næsta þorps undir kletta-veggnum. Við spjölluðum um hitt og þetta, æskuár okkar eða túrísma í Malí, eða við þögðum og virtum fyrir okkur hljóðna björtu sem var okkur stöðugt um 200–300 metra á vinstri hönd.

Á um það bil fimm mínútna fresti rauf glaðvært kall þögnina eða samræður okkar Barous. „Aga pol“ var sagt og það var fyrsta kveðjan í þó nokkurri runu sem var alltaf á sömu lund: Halló! Hvernig hafði þér það? Hvernig líður fólki yðar? Hvernig eruð þér til heilsunnar? Þegar hverri spurning hafði verið svarað á sama hátt, „séó“ (vel/fínt), skiptu spyrjendur og svarendur um hlutverk. Rétt eins og annars staðar í Vestur-Afríku voru kveðjur afskaplega mikilvægar.

Í öllu Malí fæða konur að jafnaði yfir sjö börn og það gat því verið mikið um krakka þar sem við fórum um. Þeir áttu sér eigin ávörp til okkar og oftast en ekki fylgdi útrétt hönd: „Madame, bonbon?“ „Madame, Bic?“ „Madame, cadeau?“ (Geturðu gefið góðgæti/penna/gjöf?)

Um klukkan tíu að morgni fengum við Barou okkur hressingu, annað hvort hrísgrjón eða kúskús, og hvíldum okkur svo yfir hádaginn undir skyggni úr pálmalaufum. Um þrjú- eða fjögurleystið var orðið nógu svalt til að hefja gönguna á ný að næsta



STYRKUR FRÁ NATA

(áður SAMIK og FITUR)

SAMVINNA Í FERÐAMÁLUM MILLI GRÆNLANDS – ÍSLANDS OG FÆREYJA

Allir sem áhuga hafa á að efla samstarf í ferðamálum milli þessara landa geta sótt um styrk til fjármögnunar verkefna, hugmynda, vörubrúnar, ferða eða annarra sambærilegra verkefna. Umsóknirnar þurfa að lágmarki að fela í sér þátttöku aðila frá a.m.k. tveimur löndum af löndunum þremur, þ.e. Grænlands, Íslands og Færeyja.

Hægt er að sækja um styrk vegna heildarkostnaðar verkefna, einstakra verkþátta eða ferðakostnaðar m.a. á eftirfarandi sviðum:

MENNTUN

starfstengt nám, nám í ferðamálafræðum o.þ.h.

ÞRÓUN FERÐAÞJÓNUSTUMÖGULEIKA MILLI LANDANNA

siglingar, þemaferðir, skemmtiferðir o.þ.h.

MARKAÐSSETNING OG GREINING Á FERÐAÞJÓNUSTU

ALÞJÓBLEGT SAMSTARF

skólaferðir, menningarferðir o.þ.h.

Verkefnum sem sótt er um styrk til þarf að vera lokið fyrir 31. desember 2007. Hægt er að sækja um styrk til heildarkostnaðar verkefna, einstakra verkþátta eða ferðakostnaðar. Allar umsóknir verða að berast á þar til gerðum eyðublöðum og skal ítarleg verkefnisýsing og fjárhagsáætlun fylgja með. Umsóknir skulu fyllast út á dönsku eða ensku og sendast til:

NATA co/

Ferðamálastofa
Lækjargata 3
101 Reykjavík

SKILAFRESTUR UMSÓKNA ER TIL 10. APRÍL 2007

Umsóknareyðublöð má nálgast á vef Ferðamálastofu
www.ferdamalastofa.is

NATA er samstarfssamningur sem undirritaður hefur verið af ráðherrum ferðamála Færeyja, Grænlands og Íslands. Tilgangur samstarfsins er að styrkja og efla áframhaldandi samstarf Vestnorrænu landanna á sviði ferðamála.

NATA hefur tekið yfir alla umsóknir og útteilingu styrkja og aðstoðar sem áður féllu undir tvíhliða samninga Færeyja og Íslands (FITUR) annarsvegar og Grænlands og Íslands (SAMIK) hinsvegar.

ATKVÆÐI KVENNA

MORGUNVERÐARFUNDUR KL. 8:30-10:00 ÞRIÐJUDAGINN 27. MARS 2007

FRAMSÖGUMENN:



HALLA TÓMASDÓTTIR
FRAMKVEMDASTJÓRI
VIÐSKIPTARÁÐS

ELÍN SIGFÚSDÓTTIR
FRAMKVEMDASTJÓRI
FYRIRFEKJASÍÐS LI

MARGRÉT P. ÓLAUSDÓTTIR
FORMADUR
SJÁLSTÆÐRA SKÓLA

ANNA B. JENSÓDÓTTIR
FRAMKVEMDASTJÓRI
SÓLTUNIS

SVAVA GRÖNFELDT
REKTOR HASKÓLANS
Í REYKJAVÍK

STJÓRN MÁLALEIÐTOGAR SITJA FYRIR SVÖRUM:



GEIR H. HAARDE
FORMADUR
SJÁLSTÆÐIS-
FLOKKSINS

INGIBJÖRG S.
GÍSLADÓTTIR
FORMADUR
SAMFYLKINGAR

JÓN SIGURÐSSON
FORMADUR
FRAMSKÖNNAR-
FLOKKSINS

KATRÍN JAKÓBSDÓTTIR
VARAFORMADUR
VINSTRI GRÆNNA

FRAMSÖGUR:

- ▶ **Halla:**
Öflugt atvinnulíf er grunnur fjölskyldulífs
- ▶ **Elín:**
Sókn fjármálageirans, hagar fárra?
- ▶ **Margrét Pála:**
Steypum ekki alla skóla í sama mót
- ▶ **Anna Birna:**
Ævikvöld að eigin uppskrift
- ▶ **Svafa:**
Framtíð Íslands - græn OG grá

Kristján Kristjánsson, forstöðumaður upplýsingasviðs FL Group, stýrir fundinum

Fundargjald með morgunverði er kr. 2.900. Fundurinn er öllum opin en æskilegt er að skrá þátttöku fyrirfram á www.vi.is, á fundir@vi.is eða á skrifstofu Viðskiptaráðs í síma 510 7100.

ferðalög



Fylgið mér Barou, leiðsögumaður minn í Dogon-héraði, vísar veginn í síðdegissólinni. Hann er með hefðbundinn hatt Dogona á höfði og þegar hann hreyfir höfuðið slæst kögríð til og þægir frá flugum. Á undan hleypur burðarmaður með bakpokann minn og vistir til ferðarinnar og er úr sjónmáli.



Auga fyrir smáatriðum Skraddari á markaðnum í Bobo-Dioulasso saumar af alúð skæra, nýja afríska skyrtu fyrir eiginmann minn, sem situr heima.

Almenningssamgöngur og sjö stundir í Malí

Í Ségu idar strætisvagnastöðin af lífi. Ég er komin þangað klukkan sjö að morgni, kaupi bagettu með ristudum banönnum og nýgrilluðum kjötstrímlum, og mjaka mér svo að miðasölunni til að kaupa farmiða fyrir 5.500 CFA (730 krónur) aðra leiðina til Sevaré, um 350 kílómetra í burtu.

Þegar í rútuna er komið spjalla ég við bílstjóran og samferðamennina. Einn farþeginn býst til að senda manni mínum í Reykjavík 60 kameldýr gegn því að ég verði um kyrrt með honum. Ég þykist móðuguð og hann hækkar boðið upp í 80.

Annars er farkosturinn dæmigerdur. Framrúðan er sprungin hér og þar og hægra megin er búið að líma upp mynd í stærðinni A3 af Amadou Toumani Touré, forseta Malí, og ekki bætir það útsýni bílstjórans. Úr hátölurum hljómar vestur-afrísk popptónlist.

Góðlátlegt spjallið borgaði sig því mér er boðið að sitja við ganginn í miðri rútunni. Þar ku vera best að vera ef eitthvað kemur upp á og sætið er einnig við eina af loftlúgunum litlu sem er haldið opnið þannig að

dálíttill andblær leikur um mann í steikjandi hitanum.

Þjórflokskur og þokar fullir af laukfylla ganginn. Í sætinu hinum megin gangansins muldrar maður í kaftan í barm sér og handleikur bænafestina sína. Veit hann eitthvað sem ég veit ekki?

Ferðin til Sevaré, sem átti að hefjast klukkan níu, hefst stundvíslega tíu mínútur fyrir tíu. Við höldum sem leið liggur austur á bóginn eftir helsta þjóðvegnum í Malí. Bílstjórnin þeytir flautuna af miklum krafti þegar hann fer fram úr hægfara sendibíl þar sem fólk situr uppi á þaki eða kerru sem asni er spenntur fyrir.

Í baksýnispeglinum get ég vel virt fyrir mér bílstjóran góða. Ég sé þegar hann borar í nefið eða klórar sér í eyrunum og þegar hann geispar og nyr augun. Ég sé þegar hann beygir sig eftir einhverju á gólfinu eða þegar hann snýr sér við til að tala við félagu sína.

Við nenum staðar í flestum þorpanna á leiðinni. Yfirleitt eru þau smá og ekkert að sjá þar nema moldarkofa og eina mosku. Konur og


börn flykkjast að rútunni og falbjóða varning sinn; sólgleraugu, kúta með óhreinu vatni, hnetur og deigklumpa löðrandi í feiti. Ég kaupi nokkra slíka og gef stráknokka sem situr nærri mér tvo þeirra. Hann brosir feimnislega og þiggur þá með þökkum.

Svo höldum við ferðinni áfram. Rykug flatneskjan virðist ná eins langt og augað eygir hér eins og annars staðar í Malí. Á stöku stað ber fyrir augu gildvaxin baobab-tré (sem nefnast apabrauðstré á íslensku), risavaxnar maurabúfur sem eru á annan metra, kræklötta runna og örmjóða stöngla á kornökum.

Ég finna sveltun í taumum niður bakíð á mér.

Mohammed er starfsmaður rútu-fyrirtækisins. Hann hafði fengið sér far með okkur og klifrar með reglulegu millibili yfir pokana á ganginum til mín og spyr hvernig mér lífi. Er mér of heitt? Er ég orðin þreytt?

Neibb. Allt er í þessu fina, Mohammed. Ég nýt hvers augnabliks til hins ýrasta.



Veggurinn Flestar byggingarnar í Bandiagara í útjaðri Dogon-héraðs eru með ytra lagi úr leir eða sementi, sem þarf að gera í lok hins árlega regntímabils. Stundum eru börnin í fötum, sem vestraen hjálparsamtök hafa gefið.

» Nú til dags getur maður flogið til Timbúktú að morgni, haldið í ferð um borgina og nágrenni á fjórhjóladrifnum jeppa með loftkælingu, sötrað te með hirðingjum af ættbálki Túarega eftir pöntun og drifið sig aftur til Bamako að kvöldi.

sannaði fyrir sjálfri mér og vinum að einangrun Timbúktú er ekki söm og áður með því að senda tölvuskeyti heim úr netkaffihúsi í borginni.

Að loknum friðsælu dægi í útjaðri Sahara var kominn tími til brottfarar. En við vorum í Timbúktú og ekkert var eins auðvelt og það virtist vera við fyrstu sýn. Stýrimaður bátsins sem við höfðum bókað lét ekki sjá sig fyrir en klukkan fjögur og þá var orðið augljóst að við myndum ekki geta lagt af stað þann daginn. Til að bæta graú ofan á svart krafðist hann tvöfalt hærri þóknunar en rætt hafði verið um og þóttist þurfa að standa straum af kostnaði við „aukaeldsneyti“.

Ég hafði heyrt þann söng áður. Að vissu leyti skildi maður vel að hann skyldi reyna að herja út dalityð aukreitis frá ríku ferðamönnum. En við höfðum ekki á okkur þá upphæð sem hann fór núna fram á. Við þrefduðum en maðurinn lét sig ekki, og því síður var ég til í að láta undan. Það fór því svo að við urðum að gefa upp á bátinn öll okkar áform um rómantísku fljótasiglinguna frá Timbúktú.

Þá var að finna aðra leið aftur til Mopti og eftir samningaviðræður við hina og þessa í nokkrar klukkustundir tókst okkur að finna ökomann jeppa sem féllst á að keyra okkur þangað fyrir hóflegt gjald morguninn eftir. Tvö dekk sprungu á leiðinni en að lokum komumst við á leiðarenda og gátum státað af opinberum stimplum í vegabréfunum sem staðfestu að við höfðum vissulega haldið til „forboðnu borgarinnar“.

Minjagripaleit

Það er ekki heiglum hent að þrúttu við prangara í Vestur-Afríku. Þeir finna um leið á sér hvort maður velkist í vafa um verð hlutanna og ef maður er ekki á varðbergi er búið að leika mann verr en hægt var að sjá fyrir.

Ég þóttist hafa þjálfað mig í þessu sporti í Dakar og Timbúktú en þegar ég var komin í Bobo-Dioulasso í Búrkína Faso stóð ég frammi fyrir erfiðara viðfangsefni en ég hafði áður fengið við; að tryggja mér klæðskerasniðna skyrtu fyrir manninn minn.

Kvöldið áður hafði ég farið til Bobo frá Malí með rútu sem var sein fyrir – eins og venjulega – en annars hafði ekkert borið til tíðinda á leiðinni. Bobo er næststærsta borg Búrkína Faso á eftir höfuðborginni Ouagadougou (borið fram Wagadúgú). Sagt er að í Bobo séu menn rólegri í tíðinni en í höfuðstaðnum. Ferðamenn hvíla sig gjarnan þar í nokkra daga og safna kröftum fyrir frekari afrek.

Eða þá að þeir reyna að kaupa minjagrip og þvíúlmíkt. Ég hóf leik

þorpi og láta ekki gott heita fyrir en við sósetur.

Að nóttu til vonaðist ég alltaf eftir smáandblæ en aldrei kom hann. Þótt sól hefði hniðið til viðar var svo heitt að oft var erfitt að festa svefn.

Þegar við gengum upp klettavegginn komst ég líka að því að það var mun erfiðara en röltið á jafnsléttunni. Ég var köfsveitt og andstutt þegar ég var komin klettinn á enda, með myndavélina í annarri hendi og barðastóra hattinn minn í hinni. Eitt sinn hafði ég lokið við eina brekku í hliðinni og numið staðar til að safna kröftum þegar kona á aldur við mig arkaði tignarlega fram úr mér með barn bundið við bak sér og um það bil fimmtíu kíló af korni í leirkeri á höfðinu. Um leið og ég dáðist að því skildi ég varla hvernig konur gátu borið svo miklar byrðar í öllum hitanum og samt sýnt af sér allan þennan þokka.

Forboðna borgin

Þótt ferðamenn sæki Dogon-hérað heim umfram aðra staði í Malí hefur annar og enn afskekktari hluti landsins lengi verið sveipaður enn meiri dulúð á Vesturlöndum.

Timbúktú var mikilvæg miðstöð á hinum fornu verslunarleiðum um Saharaeyðimörkina. Á sextánda öld voru 150 skólar múslíma í borginni og þremur árhundruðum síðar reyndu evrópskir landkönnuðir að ferðast þangað, ákafir í að sjá hvort sögur um gullslegnar götur og torg væru sannar í raun. Þá var Timbúktú ekki svipur hjá sjón og sá fyrsti sem komst alla leið svo vitað sé var Gordon Laing. Það var árið 1826 og liðsmenn súltansins myrtu hann á heimleiðinni.

Nú til dags getur maður flogið til Timbúktú að morgni, haldið í ferð um borgina og nágrenni á fjórhjóladrifnum jeppa með loftkælingu, sötrað te með hirðingjum af ættbálki Túarega eftir pöntun og drifið sig aftur til Bamako að kvöldi. En það er bara alls ekki nógu heillandi leið til



Vestur-Afríka

Malí

Fólksfjöldi: 11,7 milljónir
Höfuðborg: Bamako
Opinber tunga: franska en margir tala bambara
Trúarbrögð: múhamedstrú (90%)
Lífslíkur við fæðingu: 49 ár

Þótt Timbúktú sé frægasta kennileiti Malí gera fæstir sér grein fyrir því að borgin tilheyrir því landlukta ríki. Í janúar ár hvert er Eyðimerkurhátíðin svokallaða haldin í vin í auðninni nálægt Timbúktú. Ástsælustu tónlistarmenn Malí taka þátt í hátíðinni sem nýtur alþjóðahylli. Tónlistarlífið í Malí er víðþekkt og þeir sem hafa haldið nafni þess á lofti á þeim vettvangi eru til dæmis Ali Farka Touré sem lést í fyrra, Salif Keita og þau Amadou og Mariam Bagayogo sem eru bæði blind og hafa lengi leikið saman.

Búrkína Faso

Fólksfjöldi: 13,9 milljónir
Höfuðborg: Ougadougou
Opinber tunga: franska en flestir mæla á einhver hinna mörgu afrísku málum sem yfirfinnast í landinu

Trúarbrögð: múhamedstrú (50%), ýmis frumbyggjatrú (40%), kristni (10%)

„Búrkína Faso“ þýðir „land hinna heiðvirdu“. Frekar fáir ferðamenn sækja það heim nema þeir séu á leið um fleiri lönd á þessum slóðum en samt hefur það upp á margt að bjóða. Að sunnanverðu er landið gróðursælt og þar eru margir afar fallegir fossar. Í norðri má hins vegar finna fyrstu sandöldur Saharaeyðimerkurinnar og fá nasapef af lífi farandsölumanna sem ferðast um þá miklu auðn.



Fundarstaður Maður situr undir *toguna* þar sem karlarnir í þorpinu hittast til að leysa úr deilum og ræða málefni þorpsins. Stráþakið er með vilja haft lágt til þess að menn þurfi að beygja sig þegar þeir ganga inn og koma í veg fyrir að þeir geti nálgast hvern annan í árásarstillingum.

inn á markaðstorginu í miðbænum og þar lauk honum líka; þarna var asinn slíkur að ég var senn að þrotum komin. Kaupahéðnarnir þyrptust strax um mig enda lék ekki vafi á að hér var gestur á ferð. Ég vissi með sjálfri mér að ég vildi aðeins eignast einhvern fatnað handa karlinum heima og fyrsta skrefið fólst í að finna rétta efnid hjá öllum þeim sem höfðu á boðstólum fjallháa stafla af baðmullarströngum og annarri vefnaðarvöru. Mest bar á skærum litum og skræpóttu mynstri. Fljótlega rak ég augun í gult efni, skreytt bláum fiskum, og þar gæti verið komin finasta skyrtta handa manninum mínum frá Íslandi.

Þá var að semja um verðið. Ég þekkti orðið þá sögu alla. Fyrst myndi sölumaðurinn nefna ákveðna upphæð.

Ég myndi setja upp hneykslunarsvip og svara með tölu sem svaraði til um fjórðungs þess sem hann hafði nefnt. „Ah, madame, yður er varla alvar!“ myndi hann hrópa að bragði upp yfir sig. „Ég þarf að fæða mitt fólk og klæða. Og lítið þér nánar á efnið! Sjá-ið hve vandað það er. Þér verðið að fallast á sanngjarnt verð.“ Svona myndum við halda áfram uns við mættumst á miðri leið.

Ég lék svo sama leik þegar ég valdi mér klæðskera til að breyta vöðinni í fílk eftir finustu tísku. Ég reyndi að muna eftir öllum mögulegum og ómögulegum hlutum sem gætu leitt til hækkaðs verðs eftir á: Myndu hnappar fylgja umsáminni greiðslu? Yrði hún örugglega tilbúin að morgni – eða eftir tvo daga? Allt þetta þref

tók um eina og hálf klukkustund. En morguninn eftir, þegar ég fetaði mig til baka að sölubásnum um þrönga ganga markaðstorgsins, beið skyrtnan mín stífstraujuð og vel frágengin.

Þá var minjagripur kominn í bakpokann og mál til komið að kveðja Bobo. Ferðin til Ouagadougou tekur yfirleitt um fimm klukkustundir. Samkeppni var hafin á þessari leið og það þýddi að rútufyrirtækin þurftu að bæta þjónustuna til að laða til sín viðskiptavini; í fyrsta skipti á ferðinni allri sat ég í langferðabifreið með loftkælingu.

Slagorð fyrirtækisins STMB var „le professionnel“. Við afturstuðara rútunnar hékk lítill fáni og á honum stóð „vive la fraternité et l'amour“ (lengi lifi bræðralag og ást). Við höfðum lagt að baki um klukkustundar ferð og útgáfa kanadisku þjóðlagasveitarinnar Great Big Sea á laginu „It's the End of the World as we Know it“ hljómaði í MP3 spilaranum mínum þegar við fórum á fullri ferð eftir djúpum hjólförum, sem höfðu myndast undir lok síðasta regntímabils, og lengst inn í heljarinnar moldarflag. Svo hratt var ekið að minnstu munaði að rútan ylti. Það gerðist ekki, sem betur fer – en við vorum þíkkföst.

Rútan hallaði iskyggilega til vinstri um leið við klöngrudumst öll út í steikjandi miðdegissólina. Fólk dreif að úr næsta þorpi. Ég fann mér skjól undir stöku tré og reyndi að koma mér vel fyrir. Það var aldrei að vita nema löng bið væri fram undan.

eliza@elizareid.com

Eliza Reid ferðaðist ein sín liðs um sjö lönd í Vestur-Afríku í október og nóvember sl. Þetta er annar hluti ferðasögu hennar og saga heldur áfram næstu þrjá sunnudaga. Fyrsti hlutinn birtist á sunnudag og er slóðin á hann: <http://mbl.is/go/8hpsw>

Selena

Full búð af nýjum vörum



- Skyrtur
- Bolir
- Buxur
- Pils



Kvenfatnaður

lepel



Undirföt



Sundföt

120 ¹⁸⁸⁶ ₂₀₀₆

SÖGUSÝNING Landsbankinn — 120 ára —



Dagskráin í dag

Sögusýningin spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar og er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Í dag, sunnudag:

Leiðsögn í boði kl. 13:30 og 15:00

Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur og Sveinbjörn Guðbjarnarson, sem er fjölkunnugur um sögu bankans, leiðbeina gestum um sýninguna og svara spurningum þeirra.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM)
Sími: 410 4300
Opíð virka daga kl. 11:00–17:00
og um helgar kl. 13:00–17:00
Enginn aðgangseyrir

 Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Línurnar í lag



- Undirkjólur
- Samfellur
- Buxur

Aðhaldsundirfatnaður

Selena

Síðumúla 3, sími 553 7355

Opíð virka daga frá kl. 10-18, laugardaga frá kl. 11-15